

UPPT1GR02

Heiti áfanga

Grunnur í upplýsingatækni

Áfanganúmer

UPPT1GR00

Námsgrein

UPPT - Upplýsingatækni

Stutt áfangalýsing

Þátttakendur fá þjálfun í grunnatriðum tölvunotkunar, s.s. skjalaumsjón þ.á m. í skýinu, notkun tölvupósts, prentun þ. á m. rafrænni, notkun skrifstofuforrita í skýinu (ritvinnslu, töflureiknis, kynningarforrits, dagbókar) ásamt samnýtingu skývistaðra skjala, svo og skipulegri umgengni um Windows stýrikerfi og tölvuumhverfi. Inn í þetta er skotið kynningum á verkfærum sem nýtast við að læra fingrasetningu, myndvinnslu, vefsíðugerð og forritun.

Innihald áfanga

Skjalaumsjón: Vista, afrita, færa, endurnefna og eyða skjölum og möppum, bæði í tölvu og í skýi. Prentun, bæði á pappír og rafræn.

Tölvupóstur: Senda og svara pósti, senda og vista viðhengi, flokkun tölvupósts, umsjón tengiliða.

Windows: Finna og skilja upplýsingar um tölvu og stýrikerfi, nýta gagnleg fylgiforrit (t.d. Snipping Tool og Reiknivélina), aðlaga Upphafsvaþmyndina, þekkja stillingar er varða persónuvernd.

Skýforrit: Nýta sér Office.com þar sem Hringsjá gefur þeim aðgan að. Búa til nokkur einföld skjöl í þessum hugbúnaði. Samnýta skjöl svo aðrir geti lesið/unnið með þau. Sækja og senda skjöl á milli tölvu og skýs.

Kynningar: Þekkja ókeypis hugbúnað eða valkosti á netinu þar sem hægt er að læra tiltekna tölvutækni. Fingrasetning á Typing.com, myndvinnsla með Paint.net, hugtök forritunar á Code.org, vefsíðugerð á W3schools.com.

Aðferðafræði

Nánast alfarið verkefnavinna undir handleiðslu kennara. Lítið er um fyrirlestra eða kennslu hóps, en þó eru af og til innlagnir um tiltekið efni. Hver þátttakandi fær lista yfir verkefni sem á að vinna. Hverju verkefni fylgja nákvæmar leiðbeiningar sem þátttakandi fer eftir á eigin hraða. Kennari er kallaður til ef útskýringa er þörf. En kennari fylgist einnig með framvindunni og grípur inn í eftir þörfum. Áhersla er lögð á að framvindan sé á ábyrgð þátttakanda. Hlutverk kennarans er að útskýra og örva einstaklinginn til dáða.

Lokamarkmið

Að þátttakendur þekki til og hafi nokkurt vald á gagnlegum verkfærum tölvuumhverfis sem nýtast í skólafarfinu og tölvunotkun almennt.

Athugasemdir

Eftir þennan áfanga geta nemendur haldið áfram í skrifstofuforritum.

Þrep

1

Einingar

Áfanginn gefur 0 (f)einingar.

Aðgreiningarbókstafur

GR

Dagsetning breytingar

26.05.2021

Útgáfunúmer

01

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi almennt vald á mús og lyklaborði og grunnþekkingu á ritun texta og notkun internets.

Höfundur

Gunnar P Möller